

greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf t heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

### III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 200,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki endurofnuð fyrir en notandinn hefur greitt kr. 200,00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 25% er með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4.1 og 4.2, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1987, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 529, 29. desember 1986 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 213, 20. mars 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. mars 1987.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Vatnsveitu Höfðahrepps.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar á Skagaströnd.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar.

Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða, svo og viðhald hennar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar er henta þykir.

#### 3. gr.

Hver sá sem vill fá tengingu við vatnsveitu hreppsins, skal senda sveitarstjóra skriflega umsókn með upplýsingum um væntanlega vatnsnotkun.

#### 4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Telji

hann útbúnaði ábótavant, skal það tilkynnt húseiganda og tafarlausra úrbóta krafist, sé því ekki sinnt lætur umsjónarmaður vatnsveitunnar framkvæma úrbætur á kostnað húseiganda.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt eða tengigjöld á réttum gjalddögum. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma er vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Hver sá sem veldur spjöllum á mannvirkjum vatnsveitunnar eða truflar rekstur hennar með ólögmetum hætti skal bæta tjónið að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Engum er heimilt án leyfis umsjónarmanns vatnsveitunnar eða slökkviliðsstjóra að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Skylt er landeigendum að láta af hendi land, landsafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar, svo og að þola þær eignakvaðir, óþægindi og takmörkun afnotaréttar, sem vatnsveitan veldur, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

7. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra.

Skylt er húseigendum að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, án leyfis umsjónarmanns vatnsveitunnar.

8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins skal greiða árlega vatnsskatt:

- a. 0,15% af fasteignamati húsa og lóða eins og það er á hverjum tíma. Lágmarksgjald hvernar sjálfstæðrar íbúðar skal þó aldrei vera lægra en kr. 2 500.
- b. Vatnsveitan getur þar sem ástæða þykir til selt vatnsnot samkvæmt mæli fyrir kr. 5 hverja smálest. Árleg leiga af vatnsmælum skal vera kr. 5 000.
- c. Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t.d. í sambandi við bensínstöðvar skal greiða kr. 10 000 á ári fyrir vatnsnotin.
- d. Fyrir hverja smálest af vatni til skipa greiðast kr. 50, en minnsta gjald skal vera kr. 250 fyrir fiskiskip en kr. 500 fyrir önnur skip.
- e. Af beitingaskúrum, gripahúsum og fleiri slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 1 500.
- f. Tengigjald skal vera kr. 3 000.
- g. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot en hér eru talin fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 50%, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

9. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts nema hvað þeir sem kaupa vatn eftir mæli greiða ársfjórðungslega.

## 10. gr.

Framantalin gjöld samkvæmt 8. gr. eru miðuð við byggingavísitölu 229 stig 1. október 1985 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingavísitöluna eins og hún er 1. október ár hvert.

## 11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000, -fimmtíu þúsund krónum-nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Vatnsveitu Höfðahrepps, Höfðakaupstað, nr. 285 23. júní 1978.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1986.*

F.h.r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

Pórhildur Línadal.

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands  
á fiskiskipum nr. 338/1978.**

## 1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en 30 000 kr. á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 3 000 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 60 000.

## 2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 9 000 000 vegna eins skips.

## 3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 850 á rúmlest af tréskipum og kr. 425 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 127 500 af einu skipi.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær sem ákveðnar eru í 1. og 3. gr. gilda frá 1. janúar 1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. mars 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Jón Ingimarsson.